

## 24 | Minningar

## Marteinn Sverrisson

† Marteinn Sverrisson fæddist í Reykjavík 15. mars 1947. Hann lést á Landspítalanum 21. október síðastliðinn. Foreldrar hans voru Sverrir Magnússon og Guðrún Jónsdóttir, bæði látin. Systir Marteins er Sigrún. Hún er búsett í Svíþjóð og býr með Tomas Lindhagen.

Marteinn giftist Hrefnu Kjartansdóttur árið 1971 og eiga þau



þrjú börn. Sigrún gift Jakobi Sigurðssyni, Bryndís trúlofuð Hauki Páli Guðmundssyni og Kjartan.

Marteinn tók MS-próf í rafmagnsverkfræði í Lundi í Svíþjóð árið 1973. Vann hann allan sinn starfsaldur á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

Útför Marteins fer fram frá Lágafellskirkju í dag og hefst athöfnin klukkan 13.

Í dag kveðjum við mætan mann, Marteinn Sverrisson. Ég hitti Matta fyrst í barnaskóla en við vorum jafnaldrar og bjuggum í sama hverfinu. Við vorum svo saman í stórum strákabekk í Réttarholtsskólanum, en það var síðan hinn samstillti R-bekkur í Menntaskólanum í Reykjavík sem lagði grunninn að ævarandi vinskapað okkar. Nú þegar Matti er látinn er mér sérstaklega ljúft að rífa upp andrúmsloftið á æskuheimili hans í Hlíðargerðinu. Þar vorum við vinir hans alltaf auðsúgustir. Foreldrar Matta voru einstaklega hlýlegir og tóku okkur opnum örmum; þar var kynslóðabilið brúað og þar setti Sverrir okkur lífsreglurnar. Stærstu gæfusporin í lífi sínu steig Matti þegar honum tókst að krækja í einstaklega ljúfa og heillandi skolasystur okkar úr Menntaskólanum. Betri lífsförunaut en Hrefnu gat hann ekki fundið.

Við vinirnir úr R-bekknunum hittumst reglulega, ýmist einir eða með konum okkar. Þar var Matti ávallt mættur. Einn úr okkar hópi, Hilmar, var náinn vinur Matta. Traustari vin hefði Matti ekki getað eignast. Í erföldum veikindum hans mætti Hilmar upp á spítala nánast hvern einasta dag til að létta honum lundina og stappa í hann stálinu. Elsku Hrefna. Við Ásdís vottum þér og fjölskyldu þinni innilega samúð okkar. Ég færi ykkur auk þess kveðju frá R-bekkingunum. Við söknum öll Matta. Minningin lifir um góðan dreng.

Jón Sigurðsson.

Fyrir rúnum fimmtíu árum bjuggu tveir ungir piltar hvor í sinni götunni í nýbyggðu Smábúðahverfinu í Reykjavík. Báðir léku sér í bolta- og hlaupaleikjum eins og þá tíðkaðist en hrifust þó enn meira af ýmsum tækniundrum, smíðuðu flugmódel, voru farnir að fíkta við lóbolta og gægjast í töfraheim raf-eindatækninnar.

Hvorugur vissi af hinum fyrr en einhver sagði mér frá snillingnum í næstu götu, sem kynni allt um rafmagn og setti saman alls kyns undratæki. Skömmu síðar bar fundum okkar Matta saman og úr varð ævilöng vinátta. Við brölluðum ýmislegt saman, grúskuðum og smíðuðum enn

fleiri undratæki og byggðum þannig upp reynslubrunn sem báðum reyndist ómetanlegur síðar á ævinni. Ekki spillti fyrir að Sverrir, pabbi Matta, var einnig mikill grúskari og átti mikil safn verkfæra og alls kyns spennandi tækja í bílskúrnum sínum. Oft aðstoðaði hann okkur í grúskinu og tók sjálfur þátt í því af lífi og sál. Ávallt tóku Sverrir og Gunna í Hlíðargerðinu, foreldrar Matta, mér opnum örmum og átti ég nánast annað heimili hjá þeim.

Pótt við værum ekki í sama árgangi í skóla hélt vináttan og samband okkar efdist eftir því sem árunum fjölgaði. Menntaskólinn tók við og átti ég margar ánægjulegar stundir með Matta og hinum hressu bekkjarbræðrum hans í R-bekknunum. Á þeim árum öfluðum við okkur réttinda til að starfrækja amatörsendistöðvar og víkkuðum sjóndeildarhringinn með samböndum við aðra radióamatöra í öllum heimsálfum. Þar fyrir utan stunduðum við silungsveiði saman, hlustuðum á Rolling Stones og ástunduðum ýmsa aðra dægradvöl sem gjarna fylgir þessu aldursskeiði.

Eftir að menntaskóla lauk skildi leiðir tímabundið, en að loknu háskólanámi fluttu Matti og Hrefna aftur til Íslands. Höfst þá nýr kaffi í vináttaferli okkar þar sem eftirminnilegust eru fjölmörg ferðalög innan lands og utan. Við keyptum í félagi gamlan Willysjeppa sem þarfnadist uppgerðar og ferðuðumst á honum vítt og breitt um landið. Þó ber hæst þriggja vikna ferð á smárútu, sem við ókum frá Lúxemborg suður til Miðjarðarhafs, fjögur fullorðin, einn unglingur og fjögur yngri börn. Það var yndisleg ferð og frá henni eru margar skemmtilegar minningar.

Ekki minnkaði vinátta okkar Matta við það að festa ráð okkar og stofna fjölskyldur því að fyrir undarlega tilhögun forlaganna kvæntumst við stúlkum, sem voru bekkjarsystur í menntaskóla, lærðu báðar til meinatæknis og hafa unnið hlið við hlið alla tíð frá því að námsárunum lauk. Ekki veit ég hvort Matti leiddi leiðir okkar Erlu saman af ráðnum hug eða það gerðist bara óvart þar sem Erla var bekkjarsystir Hrefnu, kærustunnar hans. Hvort sem tilgátan er rétt eða ekki þá small allt sam-

an með okkur og kann ég honum bestu þakkir fyrir.

Andlát Matta hefur haft nokkuð langan aðdraganda en við söknum hans sárt og munum vafalaust gera það um okomin ár. Við samhryggjumst Hrefnu og börnunum og óskum þeim alls hins besta.

Hafðu ástarþakkir fyrir samfylgðina, Matti minn.

Ágúst og Erla.

Fallinn er, eftir langa og stranga baráttu, hetjan Marteinn Sverrisson. Hann var einn í hópi vaskra drengja er luku stúdentsprófi úr 6. R í MR árið 1967. Í þeim hópi kenndi margra grasa og kannski er það einmitt ástæða þess að við höfum haldið hópin svona vel öll þessi ár, hve ólíkir og misjafnir við erum í raun.

Það sem einkennið Matta m.a. var hve „fundvís“ hann var. En kannski eru slíkir menn ekkert fundvísari en við hinir, þeir bara vita að hverju þeir eru að leita, vita hvað þeir vilja. Þetta kom ekki einungis fram hjá Matta í veraldlegum hlutum eins og vali á starfsvettvangi og slíku heldur ekki síður í þeim hlutum sem skipta máli eins og val á lífsförunaut. Þar brást ekki eðlisávisun hans og fá hjón höfum við þekkt sem voru eins samrýnd og samstillt og Matti og Hrefna. Aldrei voru þau hamingjusamari eða glaðari en í návist hvort annars.

Fyrir u.þ.b. átta árum vorum við Matti við sjóbirtingsveiðar á veiðisvæði sem ég þekki mjög vel en Matti var þar í fyrsta sinn. Þar horfði ég á Matta finna og taka sjóbirting á uppáhaldsfluguna sína, Flæðarmús, á stað sem ég hafði aldrei reynt. Síðan hef ég aldrei farið framhjá staðnum án þess að reyna en ekki haft erindi sem erfíði. Nýlega nefndi ég þetta við Matta og hann glotti bara sposkur og sagði: Hann hefur bara flutt sig! Nú er Matti fluttur á annan stað, í annan heim. Þar munum við mættast á ný síðar.

Elsku Hrefna, við sendum þér, Kjartani, Sigrúnu, Bryndísi og tengdasonum hugheilar samúðarkveðjur og biðjum þess að algóður Guð styrki ykkur. Minningin um góðan dreng verði ykkur ljós í myrkrinu.

Gísli og Eva María.

Þegar ég kynntist Marteini fyrst, fyrir nær fjórum áratugum, vann hann á rafeindaverkstæði Raunvísindastofnunar Háskólans við hlið Jóns Sveinssonar rafmagnstækni-fræðings. Þeir félagar leystu úr mörgum vanda mínum og annarra sem til þeirra leituðu, auk þess sem þeir smíðuðu gagnmerk rannsóknatæki. Ég kynntist Marteini betur eftir að við fluttum báðir í Tæknigarð þar sem við hittumst flesta daga og drukkum saman te. Var þá spjallað um margt fleira en það sem að starfinu laut.

Marteinn var einstaklega geöfellaður maður, viðræðugóður og gamansamur. Hann var ætíð hjálplegur þegar til hans var leitað um tæknileg efni og veitti mér marginnis aðstoð í sambandi við tölvumál og lagfæringar á tækjabúnaði í segulmælingastöð Háskólans. Marteinn var áhugasamur um göngur og útivist, hraustur og í góðri þjálfun, uns hann kenndi sér þess meins sem að lokum dró hann til dauða. Okkur vinum hans þótti hryggilegt að sjá hve þungt veikindin lögðust á hann og drógu smám saman úr þreki hans. Marteins verður sárt saknað af öllum sem kynntust honum. Ég votta aðstandendum hans einlæga samúð mína.

Þorsteinn Sæmundsson.

„Mínir vinir fara fjöld“. Marteinn Sverrisson rafmagnsverkfræðingur er horfinn eftir frækilega baráttu við erfíðan sjúkdóm. Í fyrsta lést annar brautryðjendanna, Jón Sveinsson rafmagnstækni-fræðingur, einnig langt um aldur fram. Eftir stöndum við hinir félagarnir með klofinn hjálm og rofinn skjöld.

„Þú verður að fá okkar besta mann í þetta verkefni,“ sagði Þorbjörn Sigurðsson, forstöðumaður eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar, við mig fyrir rúnum þremur áratugum þegar ljóst var að fyrstu tilraunir til

íssjarmælinga höfðu tekist vel. Marteinn Sverrisson kom í jöklahópin og hannaði og smíðaði móttökutækni, Ævar Jóhannesson þúsundþjalasmiður gerði sendinn og síðar kom Jón Sveinsson og úr varð búnaður sem gerbreytti jöklarannsóknunum hér á landi. Marteinn var nýlega kominn heim frá námi í Svíþjóð og reyndist vera mikill galdramaður. „Það ætlast enginn til þess að þú getir þetta“ sagði Þorbjörn og þungu fargi var af mér létt og verkefnið var borgið: smíði íssjár og staðsetningartækja með lórantækni og gervitunglum. Prautseigja þessara félaga var óbilandi, hjartsynin án takmarka, og úrræðin virtust endalaus, þótt við værum einir í auðninni. Við vorum uppi á ísöld, bjuggum í tjöldum á Vatnajökli, vöktum oft sólarhringum saman og börðumst fyrir lífi okkar í ofsaverðum sem kaffærðu allan búnað okkar; en við urðum að berjast stöðugt af tjöldunum. Þegar veðrinu slotaði voru teknar fram skóflurnar og dáðst að því hve fagurt væri á jökulum. Allir hafa þessir félagar mínir síðar þurft að sýna sömu skapfestuna í baráttu við erfíða sjúkdóma. Fáir hefðu leikið það eftir, en feigðin heimtar köld.

Framlags Marteins Sverrissonar til vísindarannsóknna mun lengi minnst. Hann var traustur félagi, hjálpsamur, örlátur og ósérhlífinn. Það er mikilí lán að hafa átt slíkan samstarfsmann. Hrefnu konu hans og börnum þeirra votta ég innilega samúð. Blessuð sé minning Marteins Sverrissonar.

Helgi Björnsson.

„Dáinn, horfinn“ – harmafregni!  
hvílti orð mig dynur yfir!  
En eg veit að látinn lifir;  
það er huggun harmi gegn.

(Jónas Hallgrímsson)

Í dag kveðjum við góðan vin sem við höfum þekkt drjúgan hluta ævinnar. Við kynntumst á uppvaxtarárunum, Hilmar og Matti í barnæsku, þá nágrannar í Smábúðahverfinu, en Benedikt bættist í hópin á unglingsárunum, þegar við lærðum til landsprófs í Gaggó Von. Síðar kom svo í ljós að Matti og Hilmar voru fjórmenningar í móðurætt. Við fylgðumst að í gegnum menntaskóla og vorum þar í bekk sem úr varð mjög samheldinn hópur, sem útskrifaðist frá MR vorið 1967 sem stofnaði það ár bekkjarfélagið Bergelmi, sem enn er í fullu fjöri. Á háskólaárunum tvístraðist hópurinn á ýmsa háskóla um víða veröld. Við höldum þó alltaf sambandi og hittumst hvenær sem kostur var. Þegar menn skiluðu sér úr námi varð samgangurinn auðveldari og sérstaklega hjá okkur félögumum þremur, þegar við fluttumst í Mosfellsbæinn fyrir um þrjátíu árum. Síðan höfum við hist eða talað saman svo að segja daglega.

Matti var mikill grúskari strax í æsku. Hann var radióamatör, þeirra tíma tölvunörd, kunnir mors og talaði við kollega sína um allan heim og gat setið við það tímumum saman. Radióáhugann fékk hann frá pabba sínum og Ágústi, vini sínum. Matti átti því auðvelt með að tileinka sér eðlisfræðina og var gott að leita til hans í verkefnum æfingum í eðlisfræðinni í MR. Það lá síðan beint við hjá honum að taka rafmagnsverkfræðina við HÍ og háskólann í Lundi. Á námi loknu hóf Matti störf á Raunvísindastofnun Háskólans við smíði á rannsóknartækjum, t.d. íssjárnna, eðlisfræðikerfa stofnunarinnar.

Margs er að minnast eftir áratuga kynni. Við frændurnir minnumst veiðitúranna og gönguferðanna þegar gengið var á fjöllin í Mosfellssveitinni og Álafosshringinn. Við spiluðum innanhússfótbolta árum saman, stofnuðum bridsklúbb fyrir tæplega þrjátíu árum með Bolla og Pétri Birni. Þá verður að minnast á að við höfum haldið með Manchester United eins lengi og elstu menn muna og hist reglulega og horft á beinar útsendingar.

Minnisstæð er ferðin sem við fórum fern hjón saman fyrir rúmu ári og sigldum um Karibahafið í sjö daga og vorum síðan fimm daga í Fort Lauderdale. Þetta er ógleymanleg ferð. Matti var tiltölulega hress þá og tók

þátt í öllum uppátækjum okkar. Matti var hæglátur humoristi en nokkuð dulur. Hann var hjálpsamur og gott að leita til hans. Hann var traustur vinur.

„Sælir meistara.“ Þannig heilsaði Matti gjarnan okkur frændunum þegar við komum í heimsókn eða hittumst á förunum vegi.

Nú kveðjum við okkar góða vin og þökkum honum vináttuna. Vertu sáll, meistari.

Við frændur, konur okkar Júlía og Lauga og börnin okkar sendum Hrefnu, börnunum og tengdabörnum og öðrum aðstandendum innilegar samúðarkveðjur. Megi góður guð styrkja ykkur á þessum erfíðu tímum.

Hilmar og Benedikt.

Ég kynntist Marteini Sverrisyni fyrst árið 1974 þegar ég var sumarstúdent á Raunvísindastofnun hjá Þorbirni Sigurgeirssyni prófessor, en Marteinn vann hjá honum. Þeir unnu þá að þróun og smíði móttökutækis fyrir sendingar siglingatungla til staðarækvarðana. Nýttist tækni meðal annars til staðsetninga í flugsegulmælingum Þorbjarnar og í jöklamælingum. Menn sögðu mér að Marteinn þætti í allra fremstu röð í sínu fagi og leit væri að betri rafmagnsverkfræðingi á þessu sviði.

Ég var á leið til Lundar til að ljúka námi mínu eftir fyrrihlutapróf hér heima og ekki sérstaklega áfjáður að hleypa heimdraganum. Þá hitti ég Marteinn af tilviljun þar sem við biðum eftir sama strætisvagni í úrhellisgröngu og í ljós kom að hann hafði sjálfur verið við nám í Lundi. Hann sagði mér frá staðnum á sinn ljúfa hátt þannig að ég fór strax að hlakka til ferðarinnar. Löngu síðar er ég kom til starfa við Raunvísindastofnun voru þreyttir tímar og ekki lengur sama áhersla á tækjasmíð. Hins vegar voru flest ný mælitaeki orðin tölvustýrð og þetta varð fljótlega mikil sérgrein Marteins. Hann stjórnaði árum saman tölvuvæðingu mælinga á Eðlisfræðistofnu og hélt utan um vinnu ófárra sumarstúdenta sem unnu verkín, en höfðu eðli málsins samkvæmt skamma viðdvöl.

Síðustu árin eftir að heilsu Marteins hrakaði sá hann síðan alfarið um rekstur höstölvu Raunvísindastofnunar. Matti var einstakt ljúfmenni, bönngóður og hjálpsamur. Hans er sárt saknað af samstarfsmönnum. Fyrir hönd félaga á Eðlisfræðistofnu þakka ég Marteini Sverrisyni langa samferð og votta fjölskyldu hans innilega samúð.

Hafliði Pétur Gíslason.

Í dag kveð ég Marteinn Sverrisson, Matta eins og hann var ávallt nefndur innan fjölskyldunnar. Ég man fyrst eftir honum í Drápuhlíð sjó, þá tveggja til þriggja ára gamlan gullmóla foreldra sinna Sverris og Gunnu. Þá bjuggu þau á jarðhæð en foreldrar mínir á efri hæð og allt frá þessum tíma höfum við átt gott samband. Síðar átti hann eftir að eiga heima í Hlíðargerði og ég í Langagerði til margra ára og hélt samgangurinn mikill á milli fjölskyldnanna. Mér er minnisstæð rektarsem Matta við foreldra mína og hvort sem hann var við nám í Svíþjóð eða hér heima á Fróni þá hafði Matti alltaf tíma til að koma í kaffisopa. Þetta mátu gömlu hjónin mikils.

Fljótlega kom í ljós áhugi Matta á veiði og útivist, enda ekki langt í veiðigenin – afi hans úr Langabotni, faðir hans og frændur annálaðir veiðimenn til skot- og stangaveiða. Ekki held ég að Matti hafi alltaf gert miklar kröfur til afla, fyrst og síðast vildi hann njóta stundarinnar með fjölskyldunni og félögumum hverju sinni. Ég held að Matti hafi haft orð Tomas Wilsons að leiðarljósi: „Vinátta verður ekki keypt nema með vináttu. Maður getur haft áhrif á aðra, en aldrei unnið hjarta þeirra nema gefa sitt.“ Þannig þekkti ég Matta. Matti minn, hvort við hittumst í öræfasal og hlustum á skógarsöng eða við vatnið með stöng í hendi kemur í ljós, kærir vinur. Hrefnu, Sigrúnu og fjölskyldu sendi ég innilegar samúðarkveðjur.

Hilmar Ólafsson.



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Eils Rúnarsson



Þorbjörn Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

Símar: 567 9110 & 893 8638  
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

**Útfararþjónustan ehf.**  
Stofnað 1990

Þjónusta við aðstandendur

www.kirkjugardar.is

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma